

Miðvikudaginn 30. maí 1979.

Nr. 213/1978. **Jón Ragnarsson**

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

gegn

Landsmóti hestamanna 1978

og gagnsök

(Haukur Jónsson hrl.).

Askorunarmál. Víxilmál. Geymslugreiðsla. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 14. desember 1978. Krefst hann sýknu að svo stöddu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og niðurfellingar á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð frá 30. nóvember 1978. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. desember 1978. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar svo og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi hefur ekki hreyft neinum athugasemdum við aðild gagnáfrýjanda. Ekki er heldur á því byggt af hans hálfu, að neinir þeir gallar séu á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð, að ómerkingu eigi að valda.

Á víxil þann, sem í málinu greinir, er ritað orðið tryggingarvíxill. Víxillinn verður þó ekki af þeirri ástæðu metinn ógildur vegna ákvæða 1. gr. víxillaga nr. 93/1933.

Aðaláfrýjandi lagði fjárhæð, sem svarar til höfuðstóls framangreinds víxils inn á geymslureikning í Landsbanka Íslands 3. ágúst 1978. Var bankanum heimilað að afhenda handhafa víxilsins geymsluféð, ef hann sannaði með „órækum gögnum, hver meðalfjöldi gesta var á landsmóti hestamanna á Þingvöllum dagana 12., 13., 14., 15. og 16. júlí 1978,

enda gerist þá tryggingarvígillinn upp í samræmi við samning forsvarsm. landsm. hestamanna 1978 og Jóns Ó. Ragnars-
arss., dags. 19. júní 1978, og að fengnu samþykki Jóns Ó. Ragnarssonar“. Skilyrði þessi eru slík, að innborgunin á geymslureikninginn verður ekki talin fullnægjandi greiðsla á framangreindum víxli.

Af hálfu aðaláfrýjanda var sú málsástæða höfð uppi fyrir Hæstarétti, að aðaláfrýjandi bæri eingöngu ábyrgð á fyrrnefndum víxli sem útgefandi hans og ábekingur. Afsögn víxilsins væri hins vegar slíkum annmörkum háð, að hún væri ógild. Væri víxilréttur gagnvart honum því niður fallinn. Samþykkjandi víxilsins er „Hótel Valhöll. Jón Ragnarsson“. Við málflutning kom fram, að Hótel Valhöll er ekki skrásett firma. Með nafnritun sinni undir orðið „Samþykkur“ á framhlið víxilsins varð aðaláfrýjandi persónulega samþykkjandi hans og skuldbatt sig til að greiða hann í eindaga. Skiptir þá ekki máli, þótt einhverjir annmarkar kunni að vera á afsögn víxilsins.

Að svo vöxnu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til að öðru leyti en um málskostnað, en aðaláfrýjandi hefur ekki andmælt afsagnar- og bankakostnaði sérstaklega.

Staðfesta ber hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 450.000 krónur samtals.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en málskostnað varðar.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Aðaláfrýjandi, Jón Ragnarsson, greiði gagnáfrýjanda, Landsmóti hestamanna 1978, samtals 450.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. nóvember 1978.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 30. október 1978, hefur Haukur Jónsson hæstaréttarlögmaður f. h. Landsmóts hestamanna 1978 höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri fimmtudaginn 17. ágúst 1978, á hendur Jóni Ragnarssyni veitingamanni, Hlyngerði 12, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 2.000.000 — tvær milljónir — auk 3% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 20. júlí 1978 til greiðsludags, kr. 4.800 í stimpilkostnað og kr. 3.630 í afsagnar- og bankakostnað og til greiðslu málskostnaðar samkv. gjaldskrá LMFÍ.

II.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera samkv. víxli að fjárhæð kr. 2.000.000, útgefnum hinn 20. júní 1978 af stefnda, Jóni Ragnarssyni, en samþykktum til greiðslu hinn 20. júlí 1978 þannig: „Hótel Valhöll/Jón Ragnarsson“. Greiðslustaður víxilsins hafi verið í Búnaðarbanka Íslands, útibúinu Mosfellssveit. Útgefandi hafi framselt víxilinn eyðuframsali til Landsmóts hestamanna 1978, sem eigi víxilinn. Víxillinn hafi verið afsagður vegna greiðslufalls og hafi hann ekki fengist greiddur. Hótel Valhöll sé ekki skráð firma og beri stefndi Jón því sjálfur ábyrgð á þeirri nafnritun.

III.

Stefndi, Jón Ragnarsson, hefur krafist sýknu að svo stöddu af öllum kröfum stefnanda og ríflegs málskostnaðar með sérstöku tilliti til þess, að hér sé um óparfa málaprætu að ræða.

IV.

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína þannig, að með samningi, dags. 19. júní 1978, hafi stefndi, Jón Ragnarsson, f. h. Hótel Valhallar tekið að sér að sjá um veitingar á Landsmóti hestamanna 1978, sem haldið hafi verið á Skógarhólum í Þingvallasveit sumarið 1978. Fyrir þessa aðstöðu skyldi Jón greiða ákveðna upphæð, mismunandi eftir því, hver aðsókn yrði. Til tryggingar þessari greiðslu hafi Hótel Valhöll samþykkt víxil að fjárhæð kr. 2.000.000, sem Jón Ragnarsson hafi gerst útgefandi að persónulega, en Jón sé framkvæmdastjóri veitingasalans. Hafi víxill þessi verið áritaður sem tryggingarvíxill til tryggingar viðskipt-

um þessum, en fjárhæð víxilsins hafi verið sú hæsta, sem hefði getað komið til greiðslu af hálfu Jóns vegna fyrrnefndrar veitingaaðstöðu. Af þessu sé ljóst, að stefndi eigi skýlausan rétt til þess að fá það uppgefið hjá stefnanda, svo að ekki verði vefengt, hver raunverulegur fjöldi mótsgesta hafi verið á Landsmóti hestamanna 1978, þá daga, sem mótið stóð, þar sem með öðrum hætti sé ekki unnt að staðreyna, hve háa upphæð af tryggingarvíglinum stefnda beri að greiða. Allar tilraunir stefnda til þess að fá upplýsingar um þessi atriði hafi reynst árangurslausar og hafi stefndi fyrir þá sök deponerað í Landsbanka Íslands víxilupphæðinni, en það hafi verið sú hámarksupphæð, sem samningur stefnanda og stefnda hafi gert ráð fyrir, að stefnda bæri að greiða stefnanda fyrir umrædda veitingaaðstöðu. Með deponeringu þessari hafi stefndi þannig bæði sýnt greiðslugetu og greiðsluvilja, en hann fullyrði, að því fari víðs fjarri, að meðaltal mótsgesta miðað við dagafjölda hafi náð tólf þúsund gestum, sem hafi verið skilyrði þess, að honum bæri að greiða alla víxilfjárhæðina. Loks taldi stefndi, að áritunin „Tryggingarvígill“ á víxilinn leiði til þess, að unnt sé að koma vörnum að í máli þessu að því er varði lögskipti aðilja, sbr. 19. gr. laga 93/1933, víxillaga.

Sættir voru reyndar árangurslaust.

V.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 14. september 1978.

Hinn 2. október sl. reit lögmaður stefnda rannsóknarlögreglu ríkisins bréf, þar sem hann óskaði þess, að fram færi opinber rannsókn á lögskiptum stefnanda og stefnda, þeim er að baki margumræddum víxli lægju. Í þinghaldi hinn 24. október 1978 óskaði lögmaður stefnda, að flutningi máls þessa yrði frestað, þar til fyrir lægju niðurstöður rannsóknar þessarar. Með úrskurði bæjarþingsins, uppkveðnum þann sama dag, var frestbeiðni lögmanns stefnda synjað, þar sem fram hefði komið ósk um rannsókn á atriðum, er varðaði lögskiptin að baki víglinum, en þar væri um að ræða atriði, sem ekki kæmust að sem vörn í víxilmáli. Var málið síðan boðað til flutnings hinn 30. október sl., flutt þann dag og dómtekið að flutningi loknum.

VI.

Mál þetta er höfðað sem víxilmál samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936 til greiðslu eins víxils, sem stefnandi hefur lagt fram

í málinu með formlega löglegri heimild sér til handa. Fullnægir víxill þessi í hvívetna formskilyrðum 1. gr. laga nr. 93/1933.

Stefndi byggir sýknuástæður sínar á því, að víxill sá, sem málshöfðun þessi sé sprottin af, hafi Jón Ragnarsson samþykkt til tryggingar skilvísium greiðslum af sinni hálfu vegna aðstöðu, sem hann hafi fengið til veitingasölu hjá stefnanda á Skógarhólum í Þingvallasveit, er Landsmót hestamanna var þar haldið sl. sumar. Telur hann, að víxilfjárhæðin, kr. 2.000.000, hafi verið sú hæsta, sem stefndi hefði getað orðið að borga fyrir aðstöðu þessa, en víxill þessi hafi átt að gerast upp að tiltölu við fjölda mótsgesta, en því fari viðs fjarri, að fjöldi mótsgesta hafi verið 12 þúsund, en það hafi verið skilyrði þess, að stefndi þyrfti að greiða alla víxilfjárhæðina. Segir hann allar tilraunir af sinni hálfu til þess að fá uppgefið, hver mótsgestafjöldinn hafi raunverulega verið, hafi mistekist. Fyrr en óyggjandi tölur um mótsgestafjöldann liggi fyrir, beri sér ekki að greiða víxilfjárhæðina, hvorki hana alla né hluta hennar. Þá telur stefndi og, að áritunin „Tryggingarvixill“ leiði til þess, að unnt sé að koma að vörnum í máli þessu að því er varði lögskipti aðilja, sbr. 19. gr. laga 93/1933.

Víxlar eru formskjöl. Sérreglur er að finna í 17. kafla laga 85/1936 um víxilmál. Aðalafbrigðin frá venjulegum réttarfarsreglum, sem um víxilmál gilda, eru m. a. fólgin í því, að réttur varnaraðilja til þess að bera fram varnir um efni máls eru verulega takmarkaðar. Í 208. gr. laga nr. 85/1936 eru upp taldar þær varnarástæður, sem unnt er að bera fram í víxilmáli. Réttarfarshagræði þau, sem víxilhafa eru veitt með þessu, miða að því að gera víxilmálin sem einföldust og óbrotnust og gera með því málssóknina greiðari fyrir sækjandann. Með reglum þessum er girt fyrir það, að viðskipti þau, sem á bak við víxilinn liggja, verði dregin inn í víxilmálið, og er með því tryggt gildi víxilskuldar sem formskuldar. Sú varnarástæða stefnda í máli þessu, að honum beri ekki að greiða víxil þann, sem málssókn þessi er sprottin af, fyrr en viðskipti stefnanda og stefnda liggi ljós fyrir, getur því samkvæmt framansögðu ekki komið til álitu við úrlausn máls þessa, þar sem um er að ræða málsástæðu, sem ekki kemst að sem vörn í víxilmáli.

Loks telur stefndi, að áritunin „Tryggingarvixill“ leiði til þess, að unnt sé að koma vörnum að í máli þessu, er varði lögskipti aðilja málsins, sbr. 19. gr. laga nr. 93/1933. Eigi verður á það fallist með stefnda í máli þessu, að unnt sé að koma að

efnisvörnum í máli þessu með vísan til fyrrnefndrar 19. gr., enda hefur stefndi engar sönnur að því leitt, að stefnandi hafi, þá er hann eignaðist víxilinn, viljað af ásettu ráði baka stefnda tjón.

Að framansögðu athuguðu ber að taka allar kröfur stefnanda á hendur stefnda í máli þessu til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 328.000.

Dóm þennan kvað upp Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Ragnarsson, greiði stefnanda, Hauki Jónssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Landsmóts hestamanna 1978, kr. 2.000.000 með 3% dráttarvöxtum á mánuði frá 20. júlí 1978 til greiðsludags, kr. 4.800 í stimpilkostnað, kr. 3.630 í afsagnar- og bankakostnað og kr. 328.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 30. nóvember 1978.

Ár 1978, fimmtudaginn 30. nóvember, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Hlyngerði 12 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Viggó Tryggvasyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-2403/1978: Landsmót hestamanna 1978 gegn Jóni Ragnarssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Rvíkur nr. 1875/1978, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Einar Viðar hæstaréttarlögmaður vegna Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns og krefst fjárnáms fyrir kr. 2.000.000 með 3% mánaðarvöxtum frá 20. júlí 1978 til greiðsludags, kr. 2.600 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 8.430 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 328.000 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 7.000 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Hrafnhildur Valdimarsdóttir, sem býr/starfar hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt/greiða.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi/löghaldi í eign/arhluta gerðarþola í húseigninni nr. 12 við Hlyngerði.

Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mættu að skýra gerðarpola frá gerðinni. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 1. júní 1979.

Nr. 87/1978. **Jörgen Hansen**

gegn

tollstjóranum í Reykjavík.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jörgen Hansen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 7.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, tollstjóranum í Reykjavík, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 30.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. júní 1979.

Nr. 216/1978. **Hildigunnur Gunnarsdóttir**

gegn

borgarstjóranum í Reykjavík

f. h. borgarsjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hildigunnur Gunnarsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 7.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
